



HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

D Ó M U R

29. janúar 2010

Mál nr. S-209/2009:
Ákærandi: Sýslumaðurinn á Selfossi
(*Jónína Guðmundsdóttir fulltrúi*)

Ákærðu: X
(*Sigurður Jónsson hrl*)
Z
(*Hilmar Ingimundarson hrl.*)

Dómari: Ásgeir Magnússon héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Suðurlands 29. janúar 2010 í máli nr. S-209/2009:

Ákærvaldið

(Jónína Guðmundsdóttir fulltrúi)

gegn

X

(Sigurður Jónsson hrl.)

Z

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem þingfest var 14. maí 2009 og dómtekið 15. janúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dags. 31. mars 2009, á hendur X og Z

„fyrir líkamsárás

með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 13. september 2008 á dansgólfi í félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sameiginlega veist að A, með höggum í andlit og höfuð með þeim afleiðingum að A hlaut bólgur á hægri kjálkalið, kúlu og mar vinstra megin á enni og eymsli vinstra megin á hnakka ásamt því að kvarnaðist upp úr glerungi tannar nr. 17 og 26 auk þess sem fylling brotnaði í tönn nr. 26.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20 frá 1981.

Krafist er að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu gerir Sigurður Sigurjónsson hrl., f.h. brotþola, kröfu um að ákærðu verði með dómi gert að greiða skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 1.204.000.- auk vaxta.“

Af hálfu ákærða X er þess krafist að hann verði sýknaður af ákæru í málinu, þar á meðal bótakröfu, og að hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins verði ákveðin úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærða Z er þess aðallega krafist að hann verði sýknaður af sakargiftum, en til vara að ákvörðun refsingar hans verði frestað skilorðsbundið. Þess sé og krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en hún verði að öðrum kosti lækkuð verulega. Þá sé þess krafist að ferðakostnaður og málsvarnarlaun að mati dómsins verði greidd úr ríkissjóði.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst ósk um það, aðfaranótt laugardagsins 13. september 2008, kl. 03.39, að lögreglan kæmi að félagsheimilinu Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna slagsmála er þar hefðu brotist út. Er lögregla kom á vettvang kom í ljós að brotnað höfðu tennur í A eftir ryskingar sem hann hafði lent í. Lögregla hafði tal af dyravörðum og vitnum á staðnum er skýrðu frá því að báðir ákærðu hefðu komið þar við sögu. Lögregluskýrsla var tekin af A morguninn eftir. Kvaðst hann þá vilja kæra vegna líkamsárásar er hann hefði orðið fyrir um nóttina. Lýsti hann því að á hann hefði verið ráðist inni í félagsheimilinu. Hefði strákur sem hann hefði lent í rifrildi og átökum við fyrr um kvöldið þá komið að honum á ný og ráðist á hann. Hefði sá náð að slá af honum gleraugun og síðan slá hann alla vega þrjú högg í andlit og hnakka. Hugsanlega hefði félagi árársmannsins einnig tekið þátt í árásinni. Kvaðst A ekki þekkja þá sem þarna áttu hlut að máli, en lýsti útliti þeirra. Sagði hann að kvarnast hefði upp úr tveimur efri jöxlum við árásina auk þess sem hann væri með höfuðverk og væri illt í kjálkanum.

Samkvæmt áverkavottorði B lækni leit að kærandi til vakthafandi lækni á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 13. september 2008, kl. 13.58, vegna meintrar líkamsárásar. Kemur eftirfarandi fram í vottorðinu: „Við skoðun sést greinileg bólga við hægri kjálkalið, ekki komið fram mar. Nær að opna en með væga verki. Á enni vinstra megin er lítil kúla og mar aðlægt. Þreifa eymsl vinstra megin á hnakka en enga kúlu með vissu. Við skoðun á munnholi sést að kvarnast hefur úr glerjung á öftustu tveimur jöxlum hægra megin og næst aftasta jaxl vinstra megin, allt í efri tanngarði.“

Í skýrslu C tannlækni, dags. 23. september 2008, kemur fram að kærandi hafi leitað til hans 17. september sama ár í kjölfar líkamsárásar helgina á undan. Hafi skoðun leitt

í ljós að kvarnast hefði úr glerungi tannar 17 og að kvarnast hefði úr glerungi og fylling brotnað í tönn 26. Hafi verið gert við skemmdirnar með plastfyllingu.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði X lýsti tveimur atvikum á ballinu í Árnosi þar sem hann og kærandi hefðu komið við sögu. Í fyrra tilvikinu hefði hann lent í rifrildi og átökum við kæranda. Kvaðst hann þá hafa rekist utan í kæranda þegar hann var að ganga inn á dansgólf staðarins og kærandi brugðist við með því að elta hann og kýla hann í hnakkann. Þeir hefðu þá rifist en ákærði svo kýlt kæranda til baka, einu sinni eða tvisvar. Kvaðst ákærði svo hafa verið dreginn í burtu og vísað út. Seinna á ballinu, rétt undir lok þess, sagðist ákærði hafa séð kæranda í anddyri hússins, nálægt miðasölunni og fatageymslunni, þar sem kærandi hefði verið að benda vinum sínum á ákærða. Kvaðst ákærði þá hafa, ásamt meðákærða Z, gengið til hans og spurt hvað hann hefði verið að segja um sig. Hefðu þeir Z staðið sitt hvorum megin við kæranda. Myndi hann næst eftir því að slagsmál hefðu hafist með því að Z kýldi kæranda með krepptum hnefa ofarlega í andlitið. „Allt í einu hefði allt verið í slagsmálum“. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa slegið kæranda í þetta sinn og séð „voða litið“. Hann hefði að vísu reynt að slá kæranda en ekki tekist. Hins vegar hefðu dyraverðir komið og dregið sig í burtu og fleygt sér út. Fljótlega þar á eftir hefði hann gengið á bak við húsið, að pylsuvagni sem þar sé, og lögreglan handtekið hann þar. Er verjandi spurði ákærða um skýringar á því að hann hefði sagt í skýrslu hjá lögreglu að hann hefði ekki séð hver þáttur Z var í þessum átökum, sagði ákærði fyrst að hann hefði séð kæranda kýldan og að hann væri „alveg viss eða næstum því viss að það hafi verið Z“. Ákærði bætti svo við nánar aðspurður að hann hefði ekki séð Z kýla kæranda, en að þeir Z hefðu staðið tveir sitt hvorum megin við kæranda. Kvaðst ákærði hafa litið til hliðar og er hann leit til baka hefði hann séð kæranda kýldan á vinstri vangann. Margt fólk hefði verið þarna í kring en hann vissi ekki til að aðrir hefðu tekið þátt í þessum slagsmálum. Þá kvaðst hann ekki hafa séð kæranda slá til Z eða einhvers annars. Er ákærði var spurður út í þann framburð sinn hjá lögreglu að hann hefði slegið kæranda einu sinni eða tvisvar, líklega í ennið, inni á dansgólfinu, sagði hann að þarna hefði hann verið að tala um tilvikið sem átt hefði sér stað fyrr um kvöldið. Z hefði ekki verið með sér í það skiptið heldur D og strákur kallaður E.

Ákærði Z kvaðst hafa komið að þar sem meðákærði X og kærandi voru að rífast og slást. Hefði þetta gerst undir lok ballsins, einhvers staðar á milli dansgólfsins og anddyrisins. Kvaðst ákærði þá hafa farið „inn í þetta“. Spurður nánar út í það sagðist ákærði hafa gengið í milli í því skyni að stöðva slagsmálin. Sagði hann mikinn troðning hafa verið þarna. Kvaðst hann sjálfur hafa verið sleginn í hnakkann en vissi ekki hver það gerði. Hann hefði reynt að slá eitthvað frá sér en líklega hefðu þau högg hvorki hitt kæranda né aðra án þess þó að hann gæti útilokað það. Hann hefði svo allt í einu verið gripinn og tekinn í burtu. Spurður nánar hvað X hefði gert kvaðst ákærði ekki hafa séð það. Hann ítrekaði þó að X og kærandi hefðu verið að slást þegar hann kom þarna að. Kærandi hefði byrjað að kýla X og þeir síðan skipst á höggum. Aðspurður sagðist ákærði vita til þess að X og kærandi hefðu verið búnir að slást fyrir um kvöldið. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu, um að hann hefði kýlt strák, sem verið hefði að rífast við X einu sinni í andlitið og einu sinni í síðuna, kvaðst ákærði ekki muna það nú hvort högg hans hefðu lent á einhverjum.

Kærandi, A, lýsti atvikum svo að um hefði verið að ræða tvö atvik í Árnosi þetta kvöld milli hans og alla vega ákærða X. Í fyrra tilvikinu hefði hann verið staddur rétt við dansgólfið, með glas í hendi, þegar tveir strákar hefðu gengið fram hjá honum. Hefði annar slegið glasið úr höndunum á honum. Sagðist kærandi því hafa gengið á eftir þeim og spurt annan þeirra hvort hann hefði ýtt við sér. Sá hefði svarað því neitandi en sagt að líklega hefði það verið félagi hans, sem reyndist vera ákærði X. X hefði svo snúið sér að kæranda og reynt að slá til hans en honum tekist að halda X í burtu. Lögreglan hefði verið stödd þarna nálægt og skakkað leikinn. Hefði hún fært hann út úr húsinu. Kærandi kvaðst þó hafa farið á ný inn á ballið. Hann hefði svo nokkru síðar um kvöldið staðið við borð frammi við afgreiðsluna, nálægt anddyrinu, og verið þar að spjalla við strák. Hefði hann þá allt í einu fundið að einhver var að „ýtast“ í bakinu á honum. Kvaðst kærandi hafa snúið sér við og þá hefði þar verið einhver strákur sem hefði spurt hvort kærandi hefði klagð féлага hans til lögreglunnar. Kvaðst kærandi strax hafa áttað sig á því að strákurinn væri að tala um atvikið fyrir um kvöldið og að umræddur félagi stráksins væri ákærði X því hann hefði staðið þar við hliðina. Sagði kærandi að áður en hann vissi af hefði einhver slegið gleraugun af honum. Í framhaldi hefði honum verið haldið föstum og hann sleginn hnefahöggi, líklega fleiri en einu, og þá alla vega í kjálkann hægramegin. Kvaðst kærandi ekkert geta sagt til um það hver eða hverjir hefðu slegið hann. Hann hefði hvorki séð það né hver hélt honum föstum.

Kærandi kvað sig þó sterklega gruna að X hefði komið þar við sögu. Afleiðingar árásarinnar hefðu verið þær að kvarnast hefði úr tönnum, kjálkinn hefði bólgnað mikið og hann fengið kúlu á hausinn.

F kvaðst þekkja til ákærðu, en þeir hefðu verið saman í grunnskóla. Sagðist hann ekki muna mikið eftir atvikum umrætt kvöld. Kvaðst vitnið þó minnst þess að hafa komið að einhverjum átökum á milli ákærða X og kæranda. Kvaðst hann ásamt fleirum hafa gengið þar í milli. Í framhaldi hefðu dyraverðir eða lögregla komið að og vísað þeim út. Kvaðst vitnið telja að hann hefði munað betur eftir atvikum þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu og vildi hann því vísa til hennar hvað það varðaði.

D kvaðst hafa verið í sama grunnskóla og báðir ákærðu, en þeir væru þó engir sérstakir vinir. Sagðist hann hafa verið edrú þetta kvöld og ekið á staðinn. Með honum í bíl hefðu verið alla vega X og E, en Z hefði komið með einhverjum öðrum. Vitnið kvaðst í fyrstu mjög lítið muna eftir atvikum. Hann lýsti því að þeir X hefðu verið fyrir utan húsið að reykja. Þeir hefðu gengið inn og á leiðinni rekist eitthvað utan í kæranda. Er þeir hefðu verið komnir út á dansgólfið hefði kærandi komið á eftir þeim. Þar hefði orðið rifrildi og slagsmál. Slagsmálin hefðu verið stöðvuð og þeir þá farið út. Þar hefðu einhverjir vinir kæranda verið að rífast eitthvað í þeim. Einhvern tímann undir lok ballsins, er hann hefði verið staddur í anddyrinu ásamt mörgum öðrum og á leiðinni út, kvaðst D hafa tekið eftir að rifrildi og slagsmál voru byrjuð á milli beggja ákærðu og kæranda þar skammt frá. Hefði verið um að ræða kýlingar. Hefði X slegið kæranda högg í magann og í síðuna. Hann kvaðst þó ekki hafa séð kæranda sleginn í höfuðið. Vitnið sagði Z hafa eitthvað haldið kæranda og að sig grunaði að hann hefði eitthvað slegið til kæranda. D var spurður nánar út í framburð sinn hjá lögreglu þar sem hann lýsti upphafi átakanna, að Z hefði skallað kæranda og kýlt með krepptum hnefa fimm til sex sinnum í andlitið. Kvaðst hann ekki minnst atvikanna á sama hátt og þá. Farið væri að fyrnast yfir hvað þarna gerðist. Kvaðst hann telja að hann hefði líklega munað betur eftir atvikum þegar skýrslan var gerð heldur en við skýrslugjöfina fyrir dómi. D ítrekaði að hann hefði ekki séð upphaf átakanna en þar sem tveir hefðu verið að slást við einn hefði virst sem kærandi ætti undir högg að sækja.

B læknir kvaðst ekki sjálfur hafa skoðað kæranda heldur hafi hann gefið vottorðið á grundvelli fyrirbyggjandi sjúkraskýrslu.

C tannlæknir staðfesti fyrirbyggjandi skýrslu vegna þeirra tannviðgerða sem hann framkvæmdi á tönnum kæranda hinn 17. september 2008.

G lögreglumaður lýsti afskiptum sem lögreglumenn hefðu haft af slagsmálum á ballinu í Árnosi í greint sinn. Þar hefði verið um það að ræða að tveir eða þrír menn hefðu gengið utan í kæranda máls þessa svo að hann missti glas sem hann hélt á. Hann hefði gengið á eftir þeim og tekið í einn mannanna og þeir þá ráðist á hann. Hefðu þeir látið höggin dýnja á kæranda. Lögreglumennirnir hefðu þá gengið á milli og átt fullt í fangi með að skilja þá að. Einn þeirra hefði verið handtekinn, líklega ákærði X, og færður út í lögreglubifreið. Hana minnti og að hann hefði verið færður á lögreglustöðina í framhaldi. Atvik þetta hefði átt sér stað inni í salnum, á miðju dansgólfinu, en ekki nálægt anddyrinu. Sagði hún að þessu atviki væri ekki lýst í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu. Kvaðst hún ekki þekkja þá menn sem réðust á kæranda og gæti hún ekkert sagt til um hvort það voru ákærðu í þessu máli eða ekki.

H lögreglumaður kvaðst hafa verið með G við eftirlit í Árnosi í greint sinn. Sagðist hún hafa séð mikil slagsmál sem átt hefðu sér stað á miðju dansgólfinu. Einn þeirra sem hlut átti að máli hefði verið handtekinn og kvaðst vitnið minnast þess að hafa beðið F, sem hún hefði vitað að væri í vinalópi viðkomandi, að fara með hann út af staðnum. Hún kvaðst ekki geta staðfest hvort ákærðu komu við sögu í framangreindum slagsmálum.

Niðurstaða

Samkvæmt ákæru er ákærðu gefið að sök að hafa í greint sinn sameiginlega veist að kæranda á dansgólfi félagsheimilisins með höggum í andlit hans og höfuð. Fram er komið að kærandi hafi tvívegis þetta kvöld lent í útistöðum við ákærða X og einhvern eða einhverja vini hans. Í fyrra tilvikinu á dansgólfinu en því síðara við anddyri staðarins. Fram kom hjá sækjanda við aðalmeðferð málsins að um ónákvæmni væri að ræða í ákæru hvað varðaði þann stað í félagsheimilinu sem umrædd árás hefði átt sér stað. Hefði ákæru verið ætlað að ná til seinna tilviksins, sem virtist fremur hafa átt sér stað nærri anddyrinu en á dansgólfi staðarins. Þrátt fyrir að telja verði framangreinda

ónákvæmni óheppilega með hliðsjón af atvikum málsins, verður ekki séð að vörnum ákærðu hafi verið áfátt af þeim sökum. Þykir því hér mega á því byggja að ákæra taki til síðara tilviksins, nærri anddyri staðarins.

Báðir ákærðu hafa neitað sök. Framburður ákærða X hefur frá upphafi verið nokkuð óljós. Í upphafi skýrslu sinnar við aðalmeðferð málsins lýsti hann því að þeir Z hefðu í greint sinn komið sitt hvorum megin að kæranda. Hefðu slagsmál hafist með því að Z kýlði kæranda með krepptum hnefa ofarlega í andlitið og „allt í einu hefði allt verið í slagsmálum“. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa slegið kæranda í þetta sinn. Hann hefði reynt það en ekki tekist. Er verjandi ákærða Z spurði X Þór um skýringar á því að hann hefði sagt í skýrslu hjá lögreglu að hann hefði ekki séð hver þáttur Z væri í þessum átökum sagði ákærði fyrst að hann hefði séð kæranda kýldan og að hann væri „alveg viss eða næstum því viss að það hafi verið Z“. Er hann var enn frekar spurður af verjanda sagðist hann ekki hafa séð Z kýla kæranda, en að þeir Z hefðu staðið tveir sitt hvorum megin við kæranda. Kvaðst ákærði hafa litið til hliðar og er hann leit til baka hefði hann séð kæranda kýldan á vinstri vangann.

Ákærði Z kvaðst hafa komið að þar sem meðákærði X og kærandi voru að rífast og slást. Hefðu þeir tveir skipst á höggum. Sjálfur hefði hann reynt að slá eitthvað frá sér en líklega hefðu þau högg hvorki hitt kæranda né aðra án þess þó að hann gæti útilokað það. Er hann var spurður út í framburð sinn hjá lögreglu um að hann hefði kýlt strák, sem verið hefði að rífast við X, einu sinni í andlitið og einu sinni í síðuna kvaðst Z ekki muna það nú hvort högg hans hefðu lent á einhverjum.

Kærandi lýsti því að ákærði X og einhver annar strákur hefðu komið að honum í greint sinn. Áður en hann vissi af hefðu gleraugu hans verið slegin af honum, honum haldið föstum og hann síðan sleginn höggi, líklega fleiri en einu, og hefði eitt þeirra lent á kjálkanum vinstra megin.

Þegar vitnið D, kunningi ákærðu, lýst upphafi átakanna hjá lögreglu daginn eftir ballið í Árnesi sagði hann báða ákærðu og kæranda hafa verið að slást. Hefði það byrjað með því að Z hefði skallað kæranda og kýlt hann með krepptum hnefa fimm til sex sinnum í andlitið. X hefði náð að kýla kæranda meira í magann og kannski í kjálkann líka. Vætti hans fyrir dómi var hins vegar á þann veg að hann hefði orðið var við að

slagsmál væru hafin á milli beggja ákærðu annars vegar og kæranda hins vegar skammt frá honum. Hefði verið um að ræða kýlingar. Sagði hann X hafa slegið kæranda högg í magann og í síðuna. Sagðist hann ekki hafa séð kæranda sleginn í höfuðið. Bar hann að Z hefði eitthvað haldið kæranda og sig grunaði jafnframt að hann hefði einnig slegið til kæranda. D, sem kvaðst hafa verið ódrukkinn í greint sinn, gaf þá skýringu eina á hinum breytta framburði að hann myndi atvik með öðrum hætti við aðalmeðferðina en hjá lögreglu.

Þegar framangreindir framburðir beggja ákærðu, kæranda og D eru virtir heildstætt, og jafnframt litið til vottorða læknis og tannlæknis um áverka kæranda, þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi í greint sinn sameiginlega veist að kæranda. Einungis þykir þó sannað að högg ákærða Z hafi hæft kæranda í höfuð og andlit með þeim afleiðingum sem getur í ákæru. Verður ákærði X því sýknaður af ákæru. Með tilliti til þeirra áverka á kæranda sem um ræðir þykir brot ákærða Z varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar o.fl.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði hefur ákærði Z ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 140.000 króna sektargreiðsla til ríkissjóðs. Ákveðst vararefsing 10 daga fangelsi verði greiðsla sektarinnar ekki innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Af hálfu kæranda er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða honum miskabætur skv. 26. gr. skaðbótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 1.000.000 króna. Þá krefst hann og greiðslu útlagðs kostnaðar, sbr. 1. gr. skaðabótalaga, að fjárhæð 54.600 krónur auk lögmansþóknunar og dráttarvaxta. Ákærði Z hefur verið sakfelldur fyrir að valda þeim meiðslum á kæranda sem lýst er í ákæru og hefur hann með því fellt á sig bótaskyldu. Krafa kæranda vegna útlagðs kostnaðar sundurliðast þannig:

- 1) Kostnaður vegna tannviðgerða kr. 33.360.
- 2) Ferðakostnaður vegna ferða til Reykjavíkur v/tannlæknis kr. 21.240.

Fallist verður á kostnað vegna tannviðgerða með vísan til fyrirbyggjandi reikninga tannlæknis. Þá verður og fallist á umkrafinn ferðakostnað vegna tveggja ferða til Reykjavíkur vegna tannviðgerða. Verður ákærða Z því gert að greiða kæranda samtals 54.600 krónur í útlagðan kostnað sbr. 1. gr. skaðabótalaga. Þá verður honum og gert

að greiða kæranda miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Með hliðsjón af venju í slíkum málum þykja þær hæfilega ákveðnar 140.000 krónur. Samtals ber ákærða Z því að greiða kæranda 194.600 krónur í skaðabætur. Þá verður ákærða og gert að greiða kæranda bætur vegna lögmannskostnaðar við að halda kröfu sinni fram og ákveðast þær 150.600 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Samkvæmt ákæru krefst kærandi auk skaðabótanna „vaxta“ án þess að tilgreindur sé vaxtafótur eða vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. heimild í 11. gr. sömu laga. Vaxtakrafa í ákæru er því vanreifuð og ber að vísa henni frá dómi.

Ákærði Z greiði 7.020 króna útlagðan sakarkostnað vegna læknisvottorðs, auk 220.000 króna málsvarnarlauna og 26.325 króna ferðakostnaðar verjanda síns, að meðtöldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða X, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðast úr ríkissjóði svo sem í dómsorði greinir.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Ákærði, Z, greiði 140.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna, en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði Z greiði A 194.600 krónur í skaðabætur, auk 150.600 króna vegna lögmannskostnaðar. Kröfu um dráttarvexti er vísað frá dómi.

Ákærði Z greiði 253.345 krónur í sakarkostnað, þar með talin 220.000 króna málsvarnarlaun og 26.325 króna ferðakostnað skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Málsvarnarlaun Sigurðar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða X, 170.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.